



Nýársávarp
forseta Íslands
Sveins Björnssonar
1. janúar 1950

Er ég renni huganum yfir árið, sem nú er liðið, árið 1949, vil ég fyrst nota tækifærið til þess að endurtaka þakkir mínar fyrir það traust, sem mér hefir verið sýnt, er ég á árinu var endurkjörinn forseti um nýtt kjörtímabil, án atkvæðagreiðslu.

Á árinu var Alþingi rofið og efnt til nýrra kosninga rúmu misseri áður en lokið var kjörtímabilinu. Þjóðinni gafst tækifæri til þess að gefa nýkjörnum Alþingismönnum nýtt umboð til þeirra ábyrgðarmiklu starfa sem á Alþingi hvíla. Þrátt fyrir orð og ummæli, sem falla í blöðum og á fundum við undirbúning slíkra kosninga - og sum þeirra fela því miður ekki í sér skýringar á málunum og rök fyrir réttum málstað - þá gefst þó sérstakt tækifæri, við undirbúning Alþingiskosninga, til þess að varpa ljósi á áhugamálin og vandamálin frá fleiri hliðum en einni. Hugsandi menn fá með því betra tækifæri en oft ella til þess að mynda sér rökstudda skoðun um velferðarmál þjóðarinnar. Sú skoðun, sem hver einstakur kjósandi myndar sér með hugsun og nokkurri fyrirhöfn ætti að vera meira virði en ef menn ganga beint af augum í tröllatru á það, að fyrirhafnarminnst sé að láta aðra menn, hérlenda eða erlenda, hugsa fyrir sig. Að vísu hvílir það á forystumönnum á stjórnmalasviðinu að halda málum vakandi og benda á færar leiðir. En algert frelsi kjósendanna til þess að velja og hafna á vissu árabili, er traustur grundvöllur undir sönnu lýðræði. Og þrátt fyrir ýmsa annmarka á lýðræðisstjórn, eins og vér búum við, virðist ekkert stjórnarfyrikomulag betra eða öruggara um almenn mannréttindi og um réttindi og skyldur einstakra þjóðfélagsborgara en þetta lýðræði.

Mörgum hefir orðið tíðrætt um árferðið 1949. Haustið var að vísu gott. En veturinn var harðari og lengri en um mörg ár undanfarið; sumarið votviðrasamt, hér sunnanlands og vestan í öllu falli. Síldveiðin norðanlands brást ennþá einu sinni. Ótti fyrir verðfalli á framleiðsluafurðum til útflutnings. Er þar við bætist verðbólga og dýrtíð, og svo það, sem mönnum er nú tamt að nefna vöntun á jafnvægi í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Leiðir af þessu að minningarnar um liðna árið verða ekki eins glæsilegar og margir mundu óska.

Vér vitum öll, að framundan eru fyrir oss Íslendinga eins og aðrar þjóðir, átök sem mikið veltur á hvernig oss tekst um. Meiri framleiðsla, aukin vinna á því sviði, meiri sparnaður einstaklinga og þess opinbera. Slík orð má heyra úr öllum áttum um skilyrði þess að koma málum svo, að öryggi skapist um afkomuna í framtíðinni. Ég hygg að fyrir oss liggi að ganga líka brautir. Og ég vona það og óska að vér reynumst ekki eftirbátar annarra þjóða um að koma skipulagi á efnahagsmál vor og fjármál inn á við og út á við.

Það er verkefni stjórnar og þings að finna leiðirnar, og mun ég ekki fara út í þá sálma.

En við þetta tækifæri á ég sérstaka ósk. Hún er sú, að landbúnaðurinn megi skipa þann sess, sem oss er nauðsynlegt að hann geri í því uppbyggingarstarfi, sem er framundan.

Fyrir 40 árum var ég í klefa með breskum manni í járnbrautarlest í Englandi. Við tókum tal saman og bar ýmislegt á góma. Hann lagði m.a. fyrir mig þessa spurningu: Hvern telji þér vera aðalatvinnuveg bresku þjóðarinnar, þann sem flest fólk vinnur við og hefir afkomu sína af? Ég gat upp á fleiru en einu. Hann hristi höfuðið en sagði að ég væri ekki sá fyrsti útlendingur, sem flaskaði á þessu. Nei, það er *landbúnaðurinn*, sem veitir flestu fólki atvinnu í Bretlandi og er aðalmáttarstoðin. Þetta kom þá dálítið flatt upp á mig, því mér var kunnugt um að Bretar fluttu inn mikið af landbúnaðarafurðum. Síðan hefi ég veitt því athygli, að í langflestum menningarlöndum er landbúnaðurinn aðalstoð þjóðfélagsbyggingarinnar, bæði í þeim löndum sem eru sjálf sér nóg eða meira en það um landbúnaðarafurðir, og í þeim sem þurfa að kaupa slíkar vörur frá öðrum löndum. Sennilega á þetta við um menningarlandið Ísland eins og önnur lönd, þótt áður hafi verið talið af sumum að land vort væri á mörkum þar sem hægt væri að rækta jörðina með hagnaði og reka arðvænlegan landbúnað.

Atvikin hafa skipað því svo að ég hefi búið í sveit síðustu 8 árin og haft búskap fyrir augum daglega þótt ég reki ekki sjálfur búið á Bessastöðum eða stjórní því. Þetta hefir ósjálfrátt rifjað ýmislegt upp fyrir mér um það sem ég hafði fengið nasasjón af í öðrum löndum, m.a. er ég dvaldi langdvölum í því mikla landbúnaðarlandi, Danmörku.

Með mínum leikmannsaugum séð, fer því fjarri að mér finnist skilyrðin svo miklu verri hér til reksturs búskapar en í Danmörku, sem ég hafði haldið og hefi heyrt marga halda. Auðvitað er munur vegna hnattstöðu, lengdar sumarsins o.fl. En ég hugsa að mörgum skjátlist, ef þeir halda að danski bóndinn þurfi að hafa miklu minna fyrir lífinu en sá íslenski. Og þó á hann aðgang að miklu meiri þekkingu um danskan landbúnað, vísindalegri þekkingu og annari, en íslensku bændurnir eiga um íslenskan landbúnað. Danmörk hefir um aldir verið velræktað land, og er skilað svo að segja fullræktuðu af forfeðrunum í hendur núlifandi bændakynslóð. En núlifandi bændakynslóð á Íslandi hefir tekið við sínu landi svo að segja óræktuðu.

Góður vinur minn, sem þá var einn af fremstu vísindamönnum Dana um rannsóknir á gróðurmold, ferðaðist til Íslands fyrir 20 árum. Hann athugaði gróðurmoldina, tók sýnishorn af henni frá ýmsum stöðum hér sunnanlands og komst fljótt að þeirri niðurstöðu að íslenska gróðurmoldin væri engu síðri en gróðurmold er yfirleitt í Danmörku. Eins og aðrir tók hann eftir vöntun á þekkingu hér bæði um ræktun og annan búrekstur.

Um líkt leyti kynntist ég dálítið breskum manni, sem þá stjórnaði gagnmerkri búnaðartilraunastöð í Bretlandi, Rothamstead. Ég lagði fyrir hann spurningu um efni, sem margir voru þá í vafa um. Ég spurði hann hvort hægt mundi að rækta korn á Íslandi með góðum árangri. Mér er minnisstætt hverju hann svaraði. Svarið var: Auðvitað er hægt að rækta korn á Íslandi, ef valdar eru réttar tegundir. Það er aðeins peningaspursmál, hvort það borgar sig eða ekki, hvort of dýrt verður að búa jörðina undir ræktun og veita henni þann áburð sem hún þarf. Í ágústmánuði síðastliðnum rakst ég í ensku blaði á frásögn, um ræðu þess sama manns við setningu árlegs fundar í „The British Association for Advancement of Science“, en hann var þá forseti þessa merka vísindafélags. Í ræðunni sagði hann m.a.: „Það er von um að hægt sé að auka

mikið matvælaframleiðslu landbúnaðarins, ef lítt ræktuð lönd eru ræktuð *betur*, ef *betur* er borið á, ef *bættar* eru framkvæmdir um kynbætur búfjár og fóðurjurta, ef *betra* eftirlit er haft með heilbrigði búfjár og fóðurjurta.“ Hann sagði ennfremur: „Því eru engin takmörk sett, hve mikið er hægt að gera með framförum vísindanna á þessu sviði.“ Ég vil undirstrika tvennt í þessum tilfærðu ummælum. Hann talar um að gera *betur* en áður hefir verið gert. Hann áherslu á *vísindalegan* grundvöll þess, sem gert er.

Ummæli embættismanns í landbúnaðarráðuneytinu í Washington, sem kom hér í sumar og ferðaðist allvíða um landið hnigu í líka átt. Þessi maður var mjög sérfróður, hafði farið til ýmsra landa og rannsakað þar gróðurskilyrði. Í Norðurálfunni þekkti hann þetta af eigin sjón á Norðurlöndum, í Stóra-Bretlandi og í Írlandi. Honum leist að mörgu leyti vel á ræktunarskilyrði hér. Meðal þess sem hann sagði var þetta. Þið hafði tvennskona gróðurmold á Íslandi, steinefnamold (mineral soil), þ.e. móa, mela og sanda og jurtaefnamold (bog soil), þ.e. mýrar og mýrlendi. Steinefnamoldin er mun betur fallin til ræktunar. Ræktunin sjálf er oft ódýrari og næringargildi jurta yfirleitt meira í slíkum jarðvegi.

Við vitum öll hvílikt óraflæmi af móum, melum og söndum eru óræktuð hér á landi. Og það er hörmung að hugsa sér hve mikið af þessari gróðurmold hefir fokið burtu og er enn að fjúka. Vonandi verður hindrað, að þessi góða gróðurmold verði vindinum að bráð hér eftir.

Af hverju er ég að tala um þetta? Af því að ég hef, síðan ég varð sveitamaður, fengið vaxandi trú á því, að landbúnaðurinn eigi áfram að vera öndvegissatvinnuvegur á Íslandi. En til þess að svo megi verða þarf ýmsar gagngerðar breytingar frá því sem áður var og er ennþá, umfram það sem þegar hefir komist í framkvæmd. Ef vér setjum oss það mark, sem ég hygg ekki vera neinar öfgar, að minnsta kosti allvíða í landinu, að hér verði landbúnaður rekinn svo að afurðir hans séu ekki eingöngu samkeppnisfærar við afurðir annarra landa innanlands án verndartolla eða innflutningshafta og án rekstrarstyrkja, heldur einnig til útflutnings, þá tel ég markið rétt sett. Leiðin að því er aukin og betri ræktun byggð á vísindalegum grundvelli, ræktun gróðurmoldar, ræktun og kynbætur nytjajurta, útrýming hverskonar illgresis, lækning og útrýming húsdýra- og jurtasjúkdóma. Auk þess þarf að batna þekking á vélum og verkfærum, meðferð þeirra, viðhaldi og viðgerðum.

„Rómaborg var ekki byggð á einum degi,“ segir gamalt máltæki. Sú breyting, sem þarf í íslenskum landbúnaði verður ekki á einu ári eða fáum.

Sumir munu telja það of mikla bjartsýni, að hér sé hægt að reka svo hagnýtan nýtískubúskap, sem ég á við. Ég hefi minnst á álit merkra erlendra manna á gæðum gróðurmoldarinnar og hvað megi rækta hér, sem hefir ekki verið ræktað áður eða aðeins nýbyrjað á. Þá mun verða nefnt af þeim svartsýnu, að veðráttan hér á landi sé erfiðari en víða annars staðar. Það er rétt, að veðráttan er erfið, en hún er þó ekki mikið erfiðari en í sumum öðrum löndum, fyrir ýmsan búrekstur. Og á sumu má sigrast. Veturinn síðasti var harðari og lengri en mörg ár undanfarið. Sumarið óþurrkasamt, sífelldar rigningar síðari hlutann allt fram í október hér á Suðurlandi. Samt var hlaðan full hér á Bessastöðum af þurru heyi, enda er hér súþurrkunartæki. Allar súrheysgryfjur fullar. Bygg og hafrar fullþroskað, þótt seint yrði. Kartöfluuppskeran ágæt. Ég skýri hér frá staðreyndum sem dæmi en ekki til að miklast af því. Enda er afraksturinn bústjóranum en ekki mér að þakka. Þótt veðráttan geti verið þreytandi er hún ekki sá Þrándur í Götu, sem ekki megi taka fangbrögðum, með von um nokkurn árangur.

Eitt viðfangsefni er erfitt, það er kostnaður við nægilega varanlegar byggingar.

En vér þurfum að auka að mun vísindalegar rannsóknir fyrir landbúnaðinum og tilraunastöðvar.

Nú erum vér að eignast hæfa vísindamenn á þessu sviði; þeim þarf að fjölga og að þeim þarf að hlúa. Og koma þarf upp tilraunastöðvum svo mörgum sem þarf til þess að þær hafi gildi fyrir bændur í öllum landshlutum.

Áhugi er vakinn fyrir aukinni ræktun og umbótum og ýmsar framkvæmdir eru hafnar. Það sem ég óttast er það eitt, að vér setjum ekki markið nógu hátt, að vér fylgjumst ekki nógu vel með tímanum. Öðrum þjóðum er það nú ljóst, að landbúnaður verður að byggja alveg á vísindalegum grundvelli. Þaða sama hlýtur að eiga við oss Íslendinga, ef tækni nútímans á að koma að fullu gagni.

Ég vildi óska þess, að unga fólkið hér á landi mætti koma auga á það, hve mikið bíður þess í þessu góða landi, sem hefir haldið lífinu í íslensku þjóðinni í meira en þúsund ár þrátt fyrir allar þær hörmungar, sem yfir hafa dunið á mörgum og löngum öldum. Íslenska gróðurmoldin hefir beðið þess í þúsund ár að vel væri með hana farið. Nú er kostur á þekkingu vísindanna og góðri tækni til þess að gera þetta vel. Betur, eins og breski vísindamaðurinn benti á. Ég hygg að margir muni öfunda yður af að eiga slíka fósturmold.

Í bók fyrir danska bændur ritar danskur háskólakennari, að það sé einn af kostum landbúnaðarins, að varla sé hægt að tala um stéttamun milli launþega og vinnuveitenda í landbúnaðinum. Hann segir: „Það hefir verið mjög mikils virði fyrir innri þróun þjóðfélagsins að slíkt félagsmálasamræmi hefir verið í öðrum aðalatvinnuvegi Dana.“ Hann bendir á það, að danskir bændur hafi jafnan haft sjálfstæða stjórn málasannfæringu; að vagga frjálslýndis hafi verið í sveitum; að sveitamennirnir sem stunda þá atvinnu, er í flestum löndum sé upprunalegur atvinnuvegur þjóðarinnar, hafi haldið uppi ræktinni við menningararf forfeðranna, og loks að sveitafólkið sé yfirleitt þjóðræknara en borgarbúar.

Margt það sama mætti segja um íslenska bændur og sveitameningu. Það ætti að vera frekari örvun til þess að halda uppi veg og virðingu landbúnaðarins.

Eitt aðalsmerki jarðræktarinnar á að vera það, að þeir sem rækta jörðina eru engu síður að búa í hendur komandi kynslóða en sjálfum sér. Sá áhugi sem góðu heilli er vaknaður fyrir skógrækt hér á landi ber sama aðalsmerkið. Fæstir þeir, sem nú planta skóg, gera ráð fyrir því, að þeir fái sjálfir að njóta hagnýtra ávaxta af skógræktinni, heldur þeir, sem á eftir þeim koma.

Og ég vil bæta þessu við. Ég þekki ekki neina atvinnugrein sem gefur mönnum betri tækifæri til samlífs með móðurmoldinni og náttúrunni en landbúnaðurinn. Þeir, sem við hann vinna, eiga þess betri kost en aðrir að kynnast dásemdum skaparans. Þeir sjá störfín í moldinni að sköpun nýs lífs; sjá grös, jurtir og blóm spretta úr skauti móðurmoldarinnar eins og í ævintýri, læra að meta samlífið með blessuðum skepnunum; njóta unaðar af fuglum himinsins og öðrum lífverum. Þetta hlýtur m.a. að skapa hjá hverri heilbrigðri manneskju aðdáun og lotningu fyrir höfundi tilverunnar. Hvert getur verið stjórnandi afl alls þessa, nema sá, sem er uppruni alls lífs heimsins? Ef til vill á þetta ekki minnstan þátt í því, að skapa sveitameninguna og gera bændurna að þeim máttarstöðum þjóðfélagsins sem þeir eru.

Ég óska öllum þeim, sem heyra mál mitt og öllum Íslendingum árnaðar og farsældar á þessu nýbyrjaða ári, sem er síðasta ár fyrra helmings tuttugustu aldarinnar.